

# Dóms- og kirkjumálaráðuneytið

## Minnisblað

GRECO, samtök ríkja í Evrópuráðinu gegn spillingu, samþykktu á fundi sínum 4. apríl 2008 tvær skýrslur um Ísland. Önnur þeirra fjallar um innleiðingu á mútuákvæðum Evrópuráðssamnings gegn spillingu á sviði refsiréttar. Hin skýrslan fjallar um gagnsæi fjármögnunar stjórnmalastarfsemi á Íslandi. Skýrslurnar eru liður í 3. úttekt á vegum GRECO og eru þær byggðar á heimsókn matsmanna í nóvember 2007. Fundi GRECO sátu fyrir Íslands hönd fulltrúar forsætisráðuneytis og dóms- og kirkjumálaráðuneytis.

### 1. Innleiðing mútuákvæða Evrópuráðssamnings gegn spillingu á sviði refsiréttar.

Við undirbúning skýrslunnar áttu matsmenn GRECO m.a. viðræður við fulltrúa dómsmálaráðuneytis, refsiréttarnefndar, ríkissaksóknara, ríkislögreglustjóra og dómstólaráðs. Í niðurstöðukafla skýrslunnar kemur fram að íslensk löggjöf sé í meginráttum í samræmi við þær skuldbindingar, sem leiða megi af samningi Evrópuráðsins gegn spillingu á sviði refsiréttar. Þó megi bæta úr nokkrum atriðum. Sú skoðun, að á Íslandi sé lítil spilling, geti haft þau neikvæðu áhrif að ekki sé gætt nægilega að hættu á spillingu nú eða í framtíðinni. Það sé þó mjög mikilvægt í ljósi mikils hagvaxtar á Íslandi, stórra fjárfestinga íslenskra fyrirtækja bæði heima fyrir og erlendis, svo og einkavæðingar. Í þessu tilliti sé mikilvægt að refsingar vegna mútubrota í starfsemi einkaaðila verði auknar. Þá sé mikilvægt að þjálfa lögreglu í að rannsaka mútubrot og leggja aukna áherslu á rannsókn, saksókn og refsingu fyrir slík brot. Loks sé það mikilvægt að Ísland fullgildi viðbótarbókun áðurnefnds Evrópuráðssamnings gegn spillingu. Eftirfarandi tilmæli eru gerð til íslenskra stjórnvalda:

- Tryggja að ákvæði um mútubrot í almennum hegningarlögum nái einnig til alþingismanna.
- Tryggja að ákvæðin nái einnig til meðlima erlendra fulltrúaþinga sem hafa stjórnslu með höndum, svo og erlendra gerðardómsmanna og kviðdómenda.
- Skýra með viðeigandi hætti hvað skuli teljast vera viðeigandi og óviðeigandi gjafir í sambandi við mútubrot.
- Auka refsingar vegna mútubrota í einkastarfsemi og íhuga að auka refsingar vegna mútubrota í opinberri starfsemi.
- Veita lögreglu og ákærvaldi sérstaka þjálfun í gildandi ákvæðum er varða spillingu, svo að stofnanirnar séu betur í stakk búnar að finna, rannsaka og saksækja vegna spillingarbrot.

Óskað er eftir skýrslu frá íslenskum stjórnvöldum ekki síðar en 31. október 2009 um það hvernig hafi gengið að hrinda tilmælunum í framkvæmd.

### 2. Gagnsæi fjármögnunar stjórnmalastarfsemi á Íslandi.

Við undirbúning skýrslunnar áttu matsmenn GRECO m.a. viðræður við stjórnvöld, Ríkisendurskoðun, fulltrúa stjórnmalaflokka, fjölmiðla og fræðimenn. Í skýrslunni er því fagnað að sett hafi verið lög nr. 162/2006 um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda. Þau endurspeglu í stórum dráttum kröfur Evrópuráðsins eins og þær birtast í tilmælum nr. (2003)4 um sameiginlegar reglur gegn spillingu í fjármögnun stjórnmalaflokka og kosningabaráttu. Eftirfarandi tilmæli koma þar fram til íslenskra stjórnvalda

- Settar verði reglur sem tryggi gagnsæi fjármögnunar framboða til forsetakosninga.
- Gert verði skylt að upplýsa hvaða einstaklingar hafi stutt stjórnmalaflokka enda séu framlög yfir ákveðnu marki, en skv. gildandi lögum er einungis skylt að upplýsa hvaða lögaðilar hafi innt framlög af hendi.
- Reglur um skyldu frambjóðenda í persónukjöri, einkum prófkjöri, til að skila Ríkisendurskoðun reikningum verði gerðar skýrari t.d. er varðar það tímamark er kosningabarátta er talin hefjast.

- Leitað verði leiða til að upplýsa kjósendur um fjármögnun kosningabaráttu áður en kosningar fara fram.
- Ríkisendurskoðun skilgreini sem fyrst hvaða upplýsingar úr ársreikningi stjórnmalaflokka það séu sem birtar verði almenningi.
- Settar verði reglur sem tryggi betur sjálfstæði endurskoðenda sem vinni fyrir flokka og frambjóðendur og jafnframt verði þeim gert skylt að kæra til yfirvalda grun um brot á l. nr. 162/2006.
- Ríkisendurskoðun fái heimildir til að kalla eftir bókhaldsgögnum frá frambjóðendum í persónukjöri, en skv. gildandi lögum hefur stofnunin einungis slíka heimild gagnvart flokkunum.
- Framtalseyðublöðum verði breytt þannig að greint verði á milli framlaga til stjórnmalastarfsemi og annarra frádráttarbærra framlaga.
- Viðurlög við brotum á lögum nr. 162/2006 verði gerð markvissari.

Eins og fram kemur í skýrslunni er óskað eftir skýrslu frá íslenskum stjórnvöldum ekki síðar en 31. október 2009 um það hvernig hafi gengið að hrinda tilmælunum í framkvæmd.